

**Nd.**

**19. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Ólafur Proppè.

1. gr.

Í Valþjófsdal, vestan megin Önundarfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

## Á s t æ ð u r .

Í öllum Önundarfirði er að eins einn löggiltur verslunarstaður, austan megin fjarðarins, en eins og sjá má af meðfylgjandi áskorun, sem er undirrituð af hjeradsbúum báðum megin fjarðarins, er það einlægur vilji fjarðarbúa, að breyting verði hjer á gerð.

Önundarfjörður er einn með stærstu og fjölmennustu fjörðum vesturkjálkans, og þar sem nágrannafirðirnir hafa 2 og 3 löggilta verslunarstaði, virðist öll sanngirni mæla með löggilding þessari.

## Fylgiskjal.

Vjer undirritaðir eigendur Kirkjubóls, jeg Eyjólfur Jónsson, Jón Guðmundsson og Steinþór Jónsson, förum þess á leit við hið háa Alþing í Reykjavík, að það löggildi verslunarstað ásamt höfn í Valþjófsdal við Önundarfjörð.

Verslunarstaðið takmarkist að austanverðu frá Valþjófsdalsá, sem er landamerki á milli Þorfinnsstaða og Kirkjubóls, og út að »Rauðku«, (svo nefndum læk, er fellur þar í sjó fram).

Það skal tekið fram, að höfn er ágæt og verslunarlóð og bryggjustæði gott.

Jón Guðmundsson.      Steinþór Jónsson.      Eyjólfur Jónsson.

Við undirritaðir erum samhuga ofanskráðri beiðni.

(57 nöfn).